

Sp.

659. Tillaga til þingsályktunar

[179. mál]

um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða sem mest má verða setningu reglugerðar um verndun fiskimiða fyrir Vestfjörðum, á svæðinu frá Horni að Látrabjargi, á grundvelli laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, segir, að sjávarútvegsmálaráðuneytið skuli með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti. Hinn 22. apríl 1950 var á grundvelli laga þessara gefin út reglugerð um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, og nær sú reglugerð til ýmissa þýðingarmikilla hrygningar- og uppeldisstöðva nytjafiska.

Vestfirðingar hafa undanfarin ár orðið fyrir miklum áföllum af völdum botnvörpuveiða á miðum sínum. Er nú svo komið, að um margra ára skeið hafa fiskigöngur á grunnmið þeirra, sem vélbátaflotinn aðallega sækir á, orðið stórum tregari. Má raunar segja, að algert aflaleysi verði þar stöðugt algengara. Hefur það hin óheillavænlegustu áhrif á alla afkomu almennings í hinum vestfirzku útgerðarstöðvum. Til þess ber þess vegna brýna nauðsyn, að fiskimiðin fyrir Vestfjörðum fái svipaða vernd og Norðurlandsmiðin.

Að sjálfsögðu er rétt að miða slík verndarsvæði við vísindalegar rannsóknir, en vegna þeirrar hættu, sem Vestfjarðamiðunum er nú búin, er nauðsynlegt, að athugunum í sambandi við setningu reglugerðar um verndun þeirra verði hraðað svo sem mest má verða.